

Fundargerð – aukafundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla:

Á Google Meet, 10. febrúar 2021

Mættar:

Lena Viderø, formaður

Klara Geirsdóttir, gjaldkeri

Eygló Svala Arnarsdóttir, ritari

Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi

Hallfríður (Halla) Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Reynir Ingi Finnsson, meðstjórnandi (kemur seinna og fer fyrir)

Fjarstödd:

Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Dagskrá:

Auka stjórnarfundur (viðbrögð skólans við agamálum og samskipti skólans og foreldra).

Lena fann skjal frá Reykjavíkurborg m.a. um hlutverk og ábyrgð foreldra í skólastarfi, samstarf foreldra og skóla og bekkjarfulltrúa, sem hún sendi Berglindi.

Forsaga: Atvikið á fótboltavellinum

Kveikjan að fundinum var atvik á fótboltavellinum sem kennarar túlkuðu sem hópslagsmál nemenda í 5. bekk. Þeir ræddu málið við Berglindi sem í framhaldi sendi foreldrum bréf um að fótboltavöllurinn yrði tekinn af öllum bekknum í eina viku án þess að útskýra málið nánar. Foreldrar voru margir ósáttir og sendu kennurum tölvupósta, sem sumir voru frekar harðorðir, og tóku kennarar það nærri sér. Þeir buðu Höllu, sem fulltrúa foreldra í 5. bekk og meðlim stjórnar foreldrafélagsins, og Lenu, sem formanni foreldrafélagsins, á fund. Fundinn sat einnig

Aðalheiður Bragadóttir aðstoðarskólastjóri og Guðrún Björg Ragnarsdóttir. Undrun sætti að Berglind skólastjóri hefði ekki verið á fundinum.

Þar var hlið kennara og þeirra upplifun af atvikinu rædd og Lena beðin um að senda foreldrum bréf vegna þeirra viðbragða, útskýra ákvörðunina um refsingu og óska eftir bættum samskiptum við kennara. Lena og Halla voru báðar hugsu eftir fundinn og svo fór að Lena sendi ekki bréfið. Halla heyrði í þremur foreldrum sem höfðu átt börn á fótboltavellinum og í ljós kom að þeirra börn hefðu upplifað atvikið öðruvísi, að einn strákur hefði ráðist á stelpu og að hinir hefðu reynt að stöðva slagsmálin. Refsingin þótti ósanngjörn og svo virtist sem kennararnir hefðu ekkert rætt við börnin.

Upplifun foreldra í 5. bekk virðast vera á þá leið að þeim finnist að skilaboð til foreldra séu oft á tíðum á þá leið að börnin séu ómöguleg og óþekk og sérstaklega fótboltakrakkarnir úr Val, en foreldrar fá ekkert að heyra af því sem er jákvætt. Ekki er tekið á vandamálum einstaklings sem veldur usla í árganginum.

Halla boðaði því fundinn með stjórn foreldrafélagsins til að ræða hvernig hægt sé að taka á aga málum og bæta samskipti foreldra og kennara, sem hafa mjög lengi verið í ólestri. Samskiptaleyfi virðist vera rótin að öllum vandamálum.

Vissulega eru einnig jákvæð dæmi. Lena nefnir dæmi um jákvæða upplifun hennar af viðbrögðum kennara við vandamálum.

Almennt séð virðist kennara skorta tæki og tól og samskiptamenning skólans er slæm. Tveir aðilar eru reglulega nefndir þegar illa er tekið á málum eða þeim sópað undir teppi.

Er stjórnendavandamál til staðar í skólanum sem allt strandar á?

Fundir með foreldrum allra árganga?

Halla leggur til að foreldrar, eða fulltrúar foreldra í hverjum árgangi fyrir sig, hittist til að ræða dæmi um slæm og góð samskipti, agamál og úrlausn þeirra svo foreldrafélagið hafi samræmd skilaboð í höndunum þegar rætt er við kennara og skólastjórnendur. Ákveðið var að byrja á 5. bekk og Halla boðaði fund með þeim strax í framhaldinu. Ekki var tekin ákvörðun um fundi með foreldrum fleiri bekkja. Lena sendi kennurum í 5. bekk bréf til að útskýra að foreldrafélagið hefði ekki sent bréfið sem beðið var um upphaflega því það er ekki hlutverk félagsins að vera milliliður með þessum hætti. Við erum þó reiðubúin til að taka þátt í að bæta samskipti foreldra, kennara og nemenda, og höfum tekið fyrstu skref í þeim efnum. Byggja þarf brú milli foreldra og skóla. Skilaboðum kennara verður komið á framfæri á fundinum með foreldrum 5. bekkjar.

Aðrar lausnir:

- Óska enn einu sinni eftir skýrum reglum um viðurlög við agabrotum. Á heimasíðu skólans stendur að SMT-reglurnar séu notaðar, en svo virðist ekki vera í raun. Berglind hefur sagt að þetta sé í vinnslu, en nú þarf eitthvað að gerast, annars þarf að ræða þetta við þriðja aðila.
- Á fundinum með Aðalheiði og kennurunum nefndi Lena úrræði sem reynst hefur vel annars staðar, að foreldrar sitji inni í bekkjum. Aðalheiður sagði að það myndi sennilega ekki ganga vegna persónuverndarlaga, en það stenst ekki.
- Eirný nefndi símareglurnar sem reynst hafa vel.
- Ráðleggingar frá þriðja aðila; ákveðið var að biðja um fund með Samfok sem fyrst.
- Finna úrræði fyrir nemendur með greiningu þannig að þeir séu ekki settir í aðstæður sem þeir ráða ekki við og valda slæmri hegðun.

Fundi slitið.